

Desrolles ypti öxlum.

“Á fimta lofti”, sagði hann. “Haldið þér að fætur minir séu jafn ungir og fyrir 20 árum?”

“Þér virðist unglegur og fjörugur”, sagði stúlkan.

“Eg vil heldur herbergi á fyrsta eða öðru lofti”, sagði hann.

“Þau eru öll leigð”, svaraði stúlkan.

Eftir nokkra umhugsun kvaðst Desrolles vilja sjá herbergið, og fylgdi honum gömul kona þangað upp.

“Það snýr út að nýju Boulevarden, og er skemtilegt”, sagði hún og opnaði gluggann.

Desrolles leit út og niður á nýju, breiðu götuna, með stórum fólksvögnum, vinnuvögnum og asnakerrum.

Herbergið var lítið en þokkalegt og húsmunirnir hentugir, svo Desrolles leizt vel á það.

“Það er afar-ervitt, að ganga upp þessa háu stiga”, sagði hann; “en ég verð að taka það”.

Áður fyrri höfðu menn verið frjálssir og óhindraðir við sínar venjur í þessu húsi, og mátt koma heim nær sem var á nóttunni, því allir höfðu lykil að úti-dyrum. Desrolles spurði, hverjar venjur nú tíðkuðust í þessu húsi, og komst að því, að sömu venjurnar ríktu enn. Eigandinn krafðist þess eins, að leigan væri borguð, og að menn móðguðu ekki lögregluna.

Desrolles lét töskuna sína á gólfið, borgaði gæzlukonunni mánaðarleigu fyrirfram og fór svo út til að heinsækja sína gömlu uppáhaldsstaði.

Hann varð var við margar breytingar, en loftslag-ið var hið samam, og siðirnir líka. Absinth var nýr drykkur, og Desrolles tók hann framyfir kójak, þó hann væri margfalt eitradri. Hann fann marga nýja félaga á þessum gömlu stöðvum; það voru ekki sömu mennirnir og hann hafði kynst áður, en þeir höfðu sömu siði, og hugmyndir Desrolles um vináttu var samsafn af löstum. Hann kyntist mönnum, sem hann